

Fiskafurðir

Þessar leiðbeiningar eru fyrir útgáfu heilbrigðisvottorðs fyrir útflutning á fiskafurðum til þriðju ríkja. Innflutningskilyrði eru ákvörðuð af móttökuríkjum. Vottorðin eru annað hvort kölluð [opinber] dýralæknavottorð eða [opinber] heilbrigðisvottorð (official health/veterinary certificates).

Reglur

- Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 er fjallað um opinber heilbrigðisvottorð (gr. 86-91).
- Opinber heilbrigðisvottorð skulu fylgja með sendingum fiskafurða til þriðju ríkja.
- Opinber heilbrigðisvottorð skulu vera útgefin af lögbæru yfirvaldi (Matvælastofnun).
- Lögbært yfirvald skal tilnefna opinbera eftirlitsaðila sem hafa leyfi til að skrifa undir opinber heilbrigðisvottorð.
- Viðkomandi eftirlitsaðilar skulu hafa fengið viðeigandi þjálfun og skulu vera hlutlausir og ekki hafa hagsmuna að gæta.
- Opinber heilbrigðisvottorð skulu vera gefin út á grundvelli beinnar vitneskju opinbers eftirlitsaðila á mikilvægum staðreyndum og gögnum fyrir vottorðið, fengin í gegnum
 - opinbert eftirlit, eða
 - á grundvelli annars opinbers vottorðs útgefið af lögbærum yfirvöldum.
- Staðreyndir og gögn sem fengin eru frá útflytjanda fiskafurða af erlendum uppruna skulu vera staðfest með opinberu eftirliti og hleðslustaðfestingu.

Framkvæmd

Við útflutning á fiskafurðum af erlendum uppruna verður útflytjandi að óska eftir hleðslustaðfestingu – EBL-016. Ákveðnir sérleyfismarkaðir gera einnig kröfu um hleðslustaðfestingu (t.d. Evrasíusambandið). Útflytjandi óskar eftir útflutningsvottorði með því að skila inn útfylltu vottorðsformi á vottord.fiskur@mast.is. Inn- og útflutningsdeild móttækur beiðnina. Heilbrigðisvottorð skulu vera gefin út áður en afurðin yfirgefur eftirlitssvæði stofnunarinnar. Heilbrigðisvottorð eru gefin út á virkum dögum, innan 24 klst frá umsókn. Umsóknir sem berast fyrir hádegi verða afgreiddar kl. 8-12 daginn eftir. Umsóknir sem berast eftir hádegi verða afgreiddar kl. 13-16 daginn eftir. Styttri afgreiðslutími er mögulegur fyrir ferskar afurðir.

Heilbrigðisvottorðin fá númer sem samanstendur af tveggja stafa landskóða og fimm tölustafa númeri. Nýtt númer er sótt í síðasta heilbrigðisvottorð sem hefur verið gefið út fyrir hvert land og síðasta tölustafnum breytt (t.d. CN12345). Heilbrigðisvottorðin eru vistuð á pdf skjölum á U drifinu: U:\VOTTORÐ í möppur merktar viðkomandi landi og þar í möppur eftir ári.

Þegar heilbrigðisvottorð hafa verið samþykkt eru þau gefin út af opinberum vottunarmanni. Vottorðið er prentað á löggildan skjalapappír, undirritað og stimplað með opinberum stimpli. Frumritið er skannað inn og vistað á U drifinu: U:\VOTTORÐ\Vottorð innheimta\Fiskvottorð í möppur eftir ári.

Frumrit er annað hvort sent í pósti til útflytjanda eða afhent á skrifstofu inn- og útflutningsdeildar að Dalshrauni 1.

Starfsmaður inn- og útflutningsdeildar skráir vottorðið í innheimtugrunn MAST og umsækjanda er sendur reikningur í samræmi við gjaldskrá MAST.